

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Óskar Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Verkefnið Betri borg fyrir börn hlýtur alþjóðlegu verðlaunin, Seoul Smart City Prize

Reykjavíkurborg hlaut, í október 2024, gull verðlaun *Seoul Smart City Prize 2024*, í flokknum *Tech InnovaCity* fyrir verkefnið, Betri borg fyrir börn. Verðlaunin voru veitt fyrir frumlega og áhrifaríka stafræna umbreytingu sem hefur skilað betri og skilvirkari þjónustu fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi.

Í rökstuðningi dómnefndarinnar kom fram að þjónustubreyting með nýju kerfi hafi einfaldað umsóknarferli, tryggt öruggt flæði upplýsinga og bætt samskipti milli foreldra, kennara og sérfræðinga. Pappírsumsóknnum hefur verið skipt út fyrir stafrænar lausnir, auk þess sem lausnarteymi vinna nú með snemmtæka íhlutun á vettvangi barnsins. Þetta hefur í heild sinni leitt til skilvirkari og betri þjónustu.

Þjónustan undir formerkjum Betri borg fyrir börn er þegar komin í notkun og allar umsóknir fara nú fram í gegnum stafrænt ferli á [reykjavik.is](#). Stafrænar lausnir verkefnisins eru í stöðugri þróun, og einn af lykilþáttum þess, stafræn persónumappa barns, verður innleidd í fyrstu skólum borgarinnar í janúar 2025. Nýtt vinnulag hefur þegar sýnt fram á gildi sitt við úrlausn flókinnna mála sem tengjast velferð barna og ungmenna borgarinnar. Verkefnið byggir meðal annars á farsældarlögunum, sem leggja áherslu á skýrt viðbragð og samstarf þegar velferð barna er í húfi.

Nánari upplýsingar um þjónustuna er hægt að nálgast á [reykjavik.is](#).

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri